

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 27. febrúar 2017
2017020003/42-0
TB, GG, KJ
jgo/tb

Leyfi til leitar og rannsókna á jarðhita á tveimur rannsóknasvæðum utan netlaga við Reykjanes hrygg og úti fyrir Norðurlandi, umsögn

Við er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 2. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn North Tech Energy ehf. um leyfi til leitar og rannsókna á jarðhita á tveimur rannsóknasvæðum utan netlaga við Reykjanes hrygg og fyrir Norðurlandi. Tilgangur rannsókna er að afla upplýsinga til að meta ætluð háhitasvæði til orkuframleiðslu.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins. Á bls. 8 í erindinu segir að botnsköfur og plógar verði ekki dregnir yfir „viðkvæma staði eða náttúruperlur“ en ekki er skýrt út nánar hvað átt er við. Að mati Náttúrufræðistofnunar gæti þetta t.d. átt við svæði þar sem eru hverastrýtur, sem einmitt myndast þar sem er hitauppreymi, eða kóralar eða annað sérstætt og viðkvæmt lífríki. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að leyfi verði veitt til rannsókna á háhitasvæðum í sjó en telur að skilyrða eigi leyfið við að framkvæmdar verði forkannanir/rannsóknir sem m.a. hafi það markmið að koma megi í veg fyrir röskun vegna tiltekinna rannsóknaaðferða sem beita á s.s. á svæðum sem gætu verið verðmæt sbr. framangreint. Jafnframt þarf að meta hvort taka eigi fram í leyfinu, verði það gefið út, að það nái ekki til rannsókna á örverum á jarðhitasvæðum enda gilda um þær rannsóknir sér ákvæði í lögum.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

